

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

26. júní 2014 í stofu N201, Sólborg kl. 16.00

Fundargerð

Eva Björk Heiðarsdóttir fundarstjóri setti fundinn kl. 16.00 bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf auk breytinga á samþykktum Góðvina.

1. Skýrsla stjórnar

Vegna mistaka á sendingu á greiðsluseðlum árið 2012 var hrun í greiðslu á greiðsluseðlum Góðvina það árið. Spurning var hvort að það ætti að leggja niður félagið. Því var ákveðið að senda á mun stærri hóp en gert hafði verið árið 2013. Vel tókst til og voru 444 sem greiddu árið 2013 til félagsins. Því hefur verið ákveðið að halda áfram starfsemi félagsins.

Vegna þess hve fáu greiddu í félagið árið 2012 var lítið gert árið 2013 til að styrkja stoðir háskólans. Árið 2013 voru veitt heiðursverðlaun Góðvina til nemenda og greiddur helmingur á kaffisamsæti á brautskráningu háskólans.

Fréttabréf Góðvina 2013 var gefið út stuttu eftir aðalfund þess árs.

Framundan hjá Góðvinum

Senda út greiðsluseðla í ágúst – senda á fullgilda meðlimi félagsins, nýbrautskráða kándidata, þeir sem brautskráðust fyrir tveimur og tíu árum ásamt starfsmönnum háskólans. Þ.e. sömu og fengu fréttabréfið.

Koma styrkbeiðnum í betri farveg. Búa til viðmið varðandi hvernig sækja eigi um styrki og fyrir hvaða tíma á hverju tímabili fyrir sig. Koma betra skipulagi á aðkomu Góðvina á uppbyggingu Háskólans á Akureyri og að allir geti sótt um eða komi með tillögur.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

2. Reikningar

Agnes Eyfjörð gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana.

Styrkir voru greiddir til Góðvina frá fyrirtækjum alls fimm ár og síðast árið 2010. Þetta er eitthvað sem Góðvinir mega skoða og athuga hvort að hægt sé að koma á aftur. Gerðir voru í sumum tilfellum þriggja ára samningar.

3. Kosning stjórnar

Fundarstjóri kynnti tillögu að nýrri stjórn skólaárið 2014 til 2015 og varastjórn. Lagt til að:

- Hafdís Erna Ásbjarnardóttir – formaður
- Eyrún Elva Marinósdóttir
- Njáll Trausti Friðbertsson

- Agnes Eyfjörð, fulltrúi HA skipuð af háskólaráði
- Þórhildur Edda Eiríksdóttir, fulltrúi FSHA
- Kristín Ágústsdóttir, sem starfsmaður HA

Varastjórn

- Eva Björk Heiðarsdóttir
- Kristín Baldvinsdóttir
- Valur Ásmundsson
- Óskar Þór Vilhjálmsson, varamaður fulltrúa HA, skipaður af háskólaráði
- Sigrún Birna Kristjánsdóttir, varamaður fulltrúa FSHA

Fundurinn samþykkti tillögurnar með handauppréttingu.

4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga væru áfram þau Auður Jónasdóttir og Ólafur Búi Gunnlaugsson.

5. Lagabreytingar

Lagabreytingar (Fyrir breytingu)

- 4. gr. Aðalfundur Góðvina skal haldinn ár hvert.
Á dagskrá aðalfundar skal vera:
 - a) skýrsla stjórnar
 - b) reikningar samtakanna
 - c) kosning stjórnar, sbr. 5. gr.
 - d) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - e) lagabreytingar
 - f) ákvörðun árgjalds
 - g) önnur mál

Lagabreytingar (Eftir breytingu)

- 4. gr. Aðalfundur Góðvina skal haldinn ár hvert áður en nýtt skólaár hefst. Skal aðalfundur vera auglýstur með viku fyrirvara.
Á dagskrá aðalfundar skal vera:
 - a) skýrsla stjórnar
 - b) reikningar samtakanna
 - c) kosning stjórnar, sbr. 5. gr.
 - d) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
 - e) lagabreytingar
 - f) ákvörðun árgjalds
 - g) önnur mál

Lagabreyting samþykkt.

Ákvörðun árgjalds

Var 2.000 kr. á síðasta ári. Tillaga stjórnar að árgjaldið verði áfram 2.000 kr.

Árgjald er samþykkt.

Önnur mál

Setja af stað vinnu við lagfæringu á lögum Góðvina, bæði innihaldi og orðalagi. Óskar og Hafdís ætla að vera í forsvari í þeirri vinnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:58